



10. október 2018

Kröfur VR og Landssambands íslenzkra verzlunarmanna á stjórnvöld í komandi kjaraviðræðum 2018

Ljóst er að stjórnvöld þurfa að koma að gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði, m.a. með því að endurskoða persónuafslátt og tekjutengingar með hagsmuni lág- og millitekjufólks í huga. Félagsmenn VR Landssambands íslenzkra verzlunarmanna (LÍV) gera kröfu um skattleysi lægstu launa, þjóðaráttak í húsnæðismálum, lækkun vaxta og afnám verðtryggingar á neytendalán.

VR og LÍV telja mikilvægt að gera kjarasamning til þriggja ára. Friður á vinnumarkaði skapar svigrúm til leiðréttingar á kjörum hinna lægst launuðu og tækifæri fyrir launafólk, atvinnurekendur og stjórnvöld til að endurskoða þá grundvallarþætti sem félagsmenn VR og LÍV líta til sem forsendu mannsæmandi lífs – húsnæðiskerfið, skattakerfið og velferðarmálin.

Skattar

Persónuafsláttur verði hækkaður þannig að lágmarkslaun verði skattfrjáls. Tekinn verði upp breytilegur persónuafsláttur þannig að hann lækki við hækkandi tekjur. Lækkandi skattar á lág- og millitekjur verði fjármagnaðar m.a. með hækkun á sköttum þeirra tekjuhæstu. Tryggja þarf að persónuafsláttur fylgi launaþróun í landinu.

Fjármagnstekjuskattur verði hækkaður þannig að ekki verði mismunur á skattlagningu eftir tekjum.

Húsnæðismál

Gera þarf þjóðaráttak í húsnæðismálum. Ljóst er að mikið af ungu fólki situr fast í foreldrahúsum og sér ekki fram á að komast í eigið húsnæði. Tryggja þarf að hægt sé að byggja húsnæði sem lág- og millitekjufólk getur ráðið við, hvort sem er með kaupum eða leigu. VR og LÍV leggja áherslu á að stofnað verði húsnæðisfélag sem ekki er rekið í hagnaðarskyni. Inni í slíku félagi þarf að tryggja húsnæðisöryggi og að leiga ráðist af stofnkostnaði og rekstri en ekki af markaðsaðstæðum á hverjum tíma. Krafa er um að ríki og sveitarfélög tryggi byggingaland inn í slíkt félag. Gerð er krafa til sveitarfélaga að nægt lóðaframboð verði á hverjum tíma þannig að tryggt sé að lóðaverð haldist lágt.

Áframhaldandi uppbygging íbúða hjá Bjargi íbúðafélagi verði tryggð. Reglur um byggingakostnað og hverjir hafi aðgang að íbúðum verði rýmkaðar hjá húsnæðissjálfs eignastofnunum eins og Bjargi.

Lítið sem ekkert húsnæðisöryggi er á leigumarkaði og mörg dæmi um að gerðir séu leigusamningar til skemmri tíma og leiga hækkuð við endurnýjun á leigusamningum. Tryggja



þarf betur réttarstöðu leigjenda gagnvart leigusölum með breytingum á húsaleigulögum. Tryggja þarf rekstrargrundvöll hagsmunasamtaka leigjenda með framlögum úr ríkissjóði.

Vextir og verðtrygging

Afnema þarf verðtryggingu á neytendalánum og samfara því verði vaxtastig lækkað þannig að það jafnist á við það sem gerist í nágrennalöndum okkar.

Húsnæðisliðurinn verði tekinn út úr lögum um vexti og verðtryggingu.

Fæðingarorlof

Lengja þarf fæðingarorlof í 18-24 mánuði þannig að bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla verði brúað.

Almannatryggingar og bætur

Barnabætur verði hækkaðar verulega, dregið verði úr skerðingum og viðmiðunarmörk skerðinga verði ekki undir lágmarkslaunum. Draga skal verulega úr tekjuskerðingum í almannatryggingakerfinu.

Eftirlit og aðhald vinnumarkaði

Styrkja þarf lagaumhverfi til að taka á brotastarfsemi á vinnumarkaði þannig að tryggt verði að fyrirtæki geti aldrei hagnast á brotastarfsemi heldur beri af henni fjárhagslegan skaða. Kjarasamningsbrot verði gerð refsiverð og sektir lögfestar við slíkum brotum. Litið verði á launþjófnað eins og annan þjófnað.

Sameina þarf Vinnuálastofnun og Vinnueftirlit ríkisins og tryggja slíkri stofnun nægt fjármagn til að sinna eftirlitshlutverki. Setja þarf lög til að stöðva kennitöluflakk. Lögfesta þarf samstarf stéttarféлага og eftirlitsstofnana til eftirlits á vinnustöðum og stofnunum veittar valdheimildir til að miðla upplýsingum til stéttarféлага.

Velferðarmál

Heilbrigðisþjónusta skal ekki vera markaðsdrifin og jafnt aðgengi tryggt öllum, óháð efnahag og búsetu. Draga þarf úr greiðsluþátttöku almennings í heilbrigðiskerfinu. Tryggja þarf gjaldfrjálsan aðgang allra að sálfræðiþjónustu og gera þarf þjóðaráttak í geðheilbrigðismálum með því að veita meiri fjámunum í málaflokkinn.

Fræðslumál

Menntakerfið þarf að efla samfara þeim breytingum sem orðið hafa á vinnumarkaði. Þróuð verði hæfnistefna, í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, svo einstaklingar á vinnumarkaði hafi möguleika á því að velja úrræði til hæfniaukningar sem eykur tækifæri þeirra til að takast á við þróun og breytingar sem framundan eru á vinnumarkaði. Styrkja þarf verk- og starfsnám m.a. með því að starfsreynsla verði metin inn í námsleiðir.

VR gerir kröfu gagnvart atvinnurekendum um að fagnám verslunarfólks á framhaldsskólastigi verði metið til launa. Tryggja þarf fjármagn frá ríkinu vegna þessa náms, m.a. vegna raunfærnimats, vinnustaðanáms og kennslu í framhaldsskólum.